

Reykjavík, 10. janúar 2006

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2005, sendi allsherjarnefnd Alþingis fjölskylduráði til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar, þskj. 294 — 279. mál, um sameiginlega forsjá barns o.fl. Með bréfi, dags. 18. nóvember 2005, sendi allsherjarnefnd ráðinu einnig til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, þskj. 78 — 78. mál, um sameiginleg forsjá barns. Þessum tveimur erindum allsherjarnefndar til ráðsins verður svarað hér. Með tölvubréfi ritara allsherjarnefndar, dags. 12. desember sama ár, var ráðinu veittur frestur fram í janúar 2006.


Í þskj. 294, er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á gildandi barnalögum, nr. 76/2003, meðal annars sú breyting að foreldrar fari með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða slit á sambúð, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting er einnig megininntakið í þskj. 78.

Fjölskylduráð fagnar því að með frumvarpinu sé lagt til að sameiginleg forsjá barns eftir skilnað eða slit á sambúð foreldra verði að meginreglu, sem ráðið telur almennt til bóta bæði fyrir foreldra er slíta samvistum og börn þeirra. Hins vegar telur ráðið að til að hin jákvæðu áhrif þess að sameiginleg forsjá verði að meginreglu þurfi jafnframt að gera breytingar á lögum varðandi þá ráðgjöf sem foreldrum er boðið upp á við skilnað eða slit á sambúð.

Með lögum nr. 18/2001 var gerð breyting á þágildandi barnalögum, nr. 20/1992, í þá veru að bjóða aðilum í umgengnis- og forsjármálum upp á sérfræðiráðgjöf til lausnar máli, sbr. 1. gr. laganna frá 2001. Eftir að þessi lagabreyting tók gildi geta sýslumenn nú boðið foreldrum upp á sérfræðiráðgjöf. Ráðgjöfin er val fyrir þá sem hana kjósa en ekki skylda fyrir foreldra að þiggja. Fjölskylduráð leggur hins vegar til, að það verði skylda að bjóða foreldrum ráðgjöf við skilnað eða slit á sambúð ef þeir eiga börn undir 18 ára aldri. Það er mat ráðsins að slík ráðgjöf sé forsenda þess að vel takist til að foreldrar beri í raun sameiginlega ábyrgð á börnum sínum eftir skilnað

Ráðið telur æskilegt að farin verði sú leið sem forsjárnefnd er dómsmálaráðherra skipaði árið 1997 lagði til í áfangaskýrslu sinni er kom út árið 1999. Í skýrslunni er lagt til að foreldrar sem hyggja á hjónaskilnað eða sambúðarslit geti leitað til ráðgjafar áður en til deilu kemur. Eins og nefndin bendir á í lokaskýrslu sinni, er kom út fyrr á þessu ári, er sú ráðgjöf sem nú er í boði hjá sýslumannsembættum fyrst í boði eftir að aðilar hafa snúið sér til embættanna vegna ágreinings. Ráðið telur að nú þegar liggur fyrir frumvarp um að sameiginleg forsjá foreldra verði að meginreglu verði komið á skipulagðri skilnaðarfræðslu og -ráðgjöf og að slík ráðgjöf verði skylda fyrir þá foreldra er eiga saman börn undir 18 ára aldri.

Um aðrar breytingar samkvæmt þskj. 294 og þskj. 78 gerir ráðið ekki athugasemdir við.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður ráðsins